

Mál nr. 156/2004

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar hests
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.**

Umferðaróhapp á Þ vegi norðan við bæinn S þann 9.2.2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23.8.2004 ásamt fylgiskjölum nr. 1 til 8.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Tölvuskeyti X, dags. 6.9.2004.

Málsatvik.

Að morgni 9.2.2004 höfðu 10 hross í eigu M losnað úr hólfi og farið um 900 m spöl eftir Þ vegi heim á hlað við bæinn S. Fékk M aðstoð húsfreyju á bænum til að reka hrossin aftur í hólfið. Sættu þau lagi, er þau sáu ekki til neinnar bílaumferðar á veginum og ráku hrossin til norðurs eftir veginum áleiðis í hólfið. M fór á undan hrossunum akandi í bifreið, en húsfreyjan fór á eftir einnig akandi í bifreið. Þau segja bæði að blikkandi viðvornarljós hafi logað á bifreiðunum. Bar þá að bifreiðina A eftir Þ vegi úr norðri. Rakst A á eitt hrossið svo aflífa þurfti það. Hámarkshraði á veginum er 90 km á klst.

Myrkur var og engin lýsing á veginum, þegar óhappið varð. Hálka og snjór var á veginum. Girðingar í kringum hólfið, sem hrossin voru geymd í, voru nánast á kafi í snjó og einungis sást á stöku stað í efsta streng girðingarinnar að því er fram kemur í lögregluskýrslu. M krefst þess að tjón sitt vegna hestsins verði bætt úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A.

M kvað þau hafa verið tæplega hálfnuð að hólfinu, þegar hann hafi orðið var við ferðir A. Hann hafi ekið yfir miðlínu vegarins til að gera ökumanni A viðvart og fá hann til að hægja ferðina. Hraði A hafi ekkert minnkað og hafi hann þá fært sig aftur á sinn rétta vegarhelming. Bifreiðirnar hafi rétt verið búnar að mætast, er A rakst á hrossið.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 80-90 km hraða á klst. og séð bifreið koma á móti sér. Aðalljós hennar hafi verið kveikt, en önnur ekki. Rétt eftir að hann hafði mætt bifreiðinni lenti hann á hrossinu. Hann hafi ekki hemlað áður en óhappið varð.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Bætur fyrir tjón á munum má þó lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 3. mgr. 88. gr.

Girðing um hólfið þad sem hrossin voru geymd í voru nánast á kafi í snjó. Af þeim sökum áttu hrossin greiða leið út úr hólfinu. Er ljóst að vörslur hrossanna voru ófullnægjandi.

Samkvæmt 2. mgr. 78. gr. ufl. er heimilt að reka búfé á vegi utan þéttbýlis, en fylgja skal rekstrinum nægilega margir gæslumenn. Ef vænta má umferðar ökutækja um veginn skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal búfénu vikið fljótt og greiðlega úr vegi, ef þess gerist þörf vegna annarrar umferðar. Rekstur hrossanna fór fram í myrkri og með þeim hætti að einni bifreið var ekið á undan um fjölfarin þjóðveg, þar sem leyfður hámarkshraði er allt að 90 km á klst. Var rekstri hrossanna verulega ábótavant og var

Í raun stórhættulegur gagnvart öðrum vegfarendum. Var ógerlegt fyrir ökumenn sem komu úr gagnstæðri átt að átta sig á rekstrinum. Þá var hrossunum ekki vikið af veginum þegar A kom aðvífandi. Verður að telja að ekki hafi verið staðið að rekstri hrossanna umræddu eins og mælt er fyrir um í 78. gr. ufl. Eins og hér stóð á verður M talinn hafa sönnunarbyrðina um það að viðvörunarmerki hafi logað á bifreið þeirri sem hann ók eða að slík merkjagjöf hefði dugað til að vara aðra vegfarendur við rekstrinum. Sú sönnun hefur ekki tekist samkvæmt gögnum málsins.

Að framangreindu virtu verður sök M talin svo alvarleg, bæði hvað varðar vörslu hrossanna og rekstur þeirra í kjölfar þess að þau urðu laus úr hólfínu, að beita ber heimild 3. mgr. 88. gr. ufl. og fella niður rétt hans til bóta úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A.

Reykjavík, 21. september 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.